

# **Samþykktir**

## **fyrir Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.**

1. gr.

Sveitarfélög í Rangárvallasýslu stofna með sér byggðasamlag um brunavarnir í Rangárvallasýslu. Sveitarfélögin sem aðild eiga að byggðasamlaginu eru: Ásahreppur, Holta og Landsveit, Djúpárhreppur, Rangárvallahreppur, Hvolhreppur, Fljótshlíðarhreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Austur-Landeyjahreppur, og Vestur-Eyjafjallahreppur. Heiti byggðasamlagsins er Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. Heimili og varnarþing skal vera í Rangárvallasýslu.

2. gr.

Tilgangur samlagsins er að starfrækja sem fullkomnastar brunavarnir í áður töldum sveitarfélögum og afla nauðsynlegra tækja í samráði við Brunamálastofnun ríkisins. Slökkvistöðvar verða á Hellu og Hvolsvelli auch þess sem gert er ráð fyrir virkum útstöðvum t.d. í Gunnarsholti, Þykkvabæ og á Laugalandi eða eftir því sem þurfa þykir á hverjum tíma.

3. gr.

Stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu bs. skal skipuð 3 mönnum kosnum á aðalfundi. Jafnframt skal kjósa 3 varamenn. Endurskoðun skal framkvæmd af löggiltum endurskoðanda sem valinn er á aðalfundi. Stjórnarfundur telst lögmaetur ef meiri hluti stjórnar er mættur. Kjörtímabil stjórnar er á milli aðalfunda. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

4. gr.

Hlutverk stjórnar er að hafa með höndum umsjón með rekstri Brunavarna Rangárvallasýslu bs., ráða slökkviliðsstjóra og varamenn hans. Slökkviliðsstjóri hefur daglega umsjón með slökkvibúnaði og rekstri slökkvistöðvanna. Hann ræður slökkviliðsmenn í samráði við stjórn og sér um þjálfun þeirra. Sameiginlegt starfslið verði skipað mönnum frá Hellu, Hvolsvelli og úr öðrum sveitarfélögum eftir því sem henta þykir hverju sinni. Ennfremur skal slökkviliðsstjóri sjá um eldvarnareftirlit á svæði byggðasamlagsins, fræðslumál o.fl.

5. gr.

Stjórn ásamt slökkviliðsstjóra skal um hver áramót semja áætlun um rekstrarkostnað og fjárfestingar komandi árs. Áætlunin staðfestist af sveitarstjórnunum sem aðild eiga að byggðasamlaginu. Þennan kostnað greiða sveitarfélögin ársfjórðungslega fyrirfram inn á reikning Brunavarna Rangárvallasýslu bs.

Kostnaðurinn skal skiptast milli sveitarfélaganna eftir fasteignamati húseigna í sveitarfélögunum 1. desember árið á undan. Þó skulu húseignir orkuvera á hálendinu ekki reiknast með við skiptingu kostnaðar.

6. gr.

Stofn byggðasamlagsins er núverandi eignir slökkviliðanna að frádregnum peningalegum eignum. Að öðru leyti er gert sérstakt samkomulag um fjárhagslega sameiningu slökkviliðanna á Hvolsvelli og Hellu. Haldið verður áfram áformum slökkviliðanna á Hvolsvelli og Hellu um áframhaldandi uppbyggingu í tækjabúnaði þ.m.t. kaup á nýum slökkvibílum.

7. gr.

Reikningsár samlagsins er almanaksárið.

8. gr.

Slökkviliðsstjóri semur reglur um útköll í samráði við stjórn þannig að sem mest öryggi fáist við að koma boðum til slökkviliðsmanna.

9. gr.

Aðalfundur í samlaginu skal haldinn fyrir maí lok ár hvert og skal boðaður bréflega með minnst viku fyrirvara. Hvert aðildarsveitarfélaga skipar 1 fulltrúa til setu á aðalfundi og fer sé fulltrúi með atkvæðisrétt viðkomandi sveitarfélags. Auk þess hafa allir sveitarstjórnarmenn á samlagssvæðinu seturétt á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétti. Verði ágreiningur á fundum samlagsins skal skorið úr með atkvæðagreiðslu og verður vægi atkvæða hvers sveitarfélags í samræmi við fasteignamat 1. des. árið á undan. Orkuver undanskilin sbr. ákvæði 5. gr.

10. gr.


Samþykktum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi. Um önnur atriði en þau sem fram koma í samþykktum þessum vísast til sveitarstjórnarlaga um byggðasamlög.

11. gr.

Verði samkomulag um slit á samlaginu skal farið eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga um slit á byggðasamlögum.

Samþykkt á sameiginlegum fundi á Hvolsvelli, 6. júlí 1998

f.h. Hvölkrepps



f.h. Rangárvallahrepps

f.h. Fljótsliðarhrepps

f.h. Holta og Landsveitar

f.h. Vestur-Eyjafjallahrepps

f.h. Djúpárhrepps

f.h. Austur-Landeyjahrepps

f.h. Ásahrepps

f.h. Vestur-Landeyjahrepps